

Sæll Geir

Ég frétti af því að það væri verið að sækja um aðstöðu í gömlu slökkvistöðinni til að stunda Sambo sjálfsvarnaríþróttina. Mig langaði bara að styðja við Alex þjálfara en það eru margir nemendur Víðistaðaskóla sem stunda æfingar hjá honum og er almenn ánægja með þessar æfingar. Ég hef rætt við nokkra nemendur um þetta. Aðstaðan hér hjá okkur býður ekki upp á að hann geti verið með þær dýnur sem þarf að staðaldri og því er töluvert um undirbúning fyrir hverja æfingu hér í íþróttahúsinu og skil ég því hvers vegna hann óskar eftir aðstöðu þar sem hægt er að hafa hana sérútbúna fyrir íþróttina.

Með góðri kveðju

Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri Víðistaðaskóla

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)